

Fundargerð 145. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. ágúst 2020 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir : Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Pétur Freyr Jónsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Sigurður Jóhann Erlingsson, Svanur Gunnstseinnsson, Agnar Ólason.

Fjarverandi: Kristmundur Skarphéðinsson og Andrés Bjarnason

Fjarfundur: Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 144

Fundargerð samþykkt og undirrituð

Stjórnarfundarplan var samþykkt á síðasta fundi, því þarf að breyta aðeins vegna ASÍ þing þannig að fundurinn í október þarf að færast til 15. okt í stað 22.okt. Samþykkt.

2. Framhaldsaðalfundur

Við erum búin að ræða mikið hvernig hægt sé að framkvæma þetta en búið var að ákveða fundinn 3.sept. Lögfræðingar ASÍ eru sammála því að halda fundinn og vera með forskráningu til að vita fjöldann. Við erum búin að tala við Grand Hótel og þeir geta framkvæmt þetta fyrir okkur, einn salur tekur 100 með 2ja metra reglunni og við getum svo líka fengið annan sal og verið með skjá og tengt á milli ef mæting verður mikil. Hins vegar hefur mæting á aðalfundi aldrei náð 100. Munum bjóða upp á hanska,spritt og grímur. Við munum ekki geta boðið upp á veitingar að fundi loknum. Ekki sniðugt að auglýsa takmarkaðann fjölda því það gæti eftir á skapað leiðindi. Fundurinn verður boðaður og þá opnað fyrir skráningu og henni þarf að ljúka amk. 3 dögum fyrir fund til að sjá hvort við þurfum auka sal. Fjórða september átti síðan að vera stefnumótunarfundur en erfitt er að halda svoleiðis fund með þeim takmörkunum sem eru í gangi núna. Formaður óskar eftir að fá að fresta og það var samþykkt. Formaðurinn talaði síðan um stefnumótunarsvinnuna. Það er búið að semja spurningar og senda út. Við þýddum líka yfir á ensku og pólsku. Þannig að vinnan er byrjuð og við stefnum á að vera komin með niðurstöðu úr þessu fyrir næsta stjórnarfund. Ef allt breytist með sóttvarnarlög þá endurskoðum við með fundinn og verðum í sambandi.

3. Staða kjaramála.

Það hefur verið nóg að gera í kjaramálum í sumar. Mönnum finnst við vera að hjakka í sama farinu. Samninganefndin sem semur fyrir ríkið er erfið , gefin eru vilyrði fyrir einhverju og svo er það dregið til baka, eins og einhver sé að stýra nefndinni á bakvið tjöldin.

Hafrannsóknarstofnun er komin til sáttasemjara.

Ísal er enn í gangi, þar sem náðist ekki samningur um rafmang við Landsvirkjun þá fór kjarasamningurinn út um gluggann. En þetta er allt mjög snúið. Selfossveitur, mikið búið að vera í gangi, við viljum semja beint við Selfossveitur en ekki sveitafélagið. Fiskiskipin þar hefur SFS dregið lappirnar varðandi fyrsta fund. Ef við förum ekki að fá fund þá verðum við að vísa til sáttta. SFS óskaði eftir fresti fram yfir mánaðarmót.

Formaður sagði að það væri komin tímalína á allt sem er í samningnum. Spurt var: ef VR, Efling og fleiri segja upp samningnum hvað þýðir það fyrir okkur, formaður sagði að okkar samningur ætti að halda en SA getur líka sagt upp samningnum.

4. Umsjón orlofshúsa.

Finna þarf einhvern í afleysingar á Laugarvatn og Syðri Reyki, samþykkt að orlofsnefndin fái að klára málið.

5. Staðan á Stórhöfða 29

Byrjað er að vinna í húsnæðinu, búið að rífa allt út og nú hefst uppbygging.

6. Önnur mál.

- Formaður sagði frá því að NMF fundurinn em átti að vera í haust hér hjá okkur eftir að hafa verið frestað í vor hefur verið frestað fram í apríl á næsta ári.
- Golfmótið var um daginn með örlítið breyttu sniði m.a. að úrslitin voru tilkynnt á netinu
- Ferð eldri borgara hefur verið slegin af þetta árið.
- Formaður bar upp erindi sem félaginu barst. Ákveðið var að 4 manna nefndi myndi fara í að svara erindinu.
- Rædd voru mál sem varðandi úrskurðarnefnd sjómanna.

Fundi slitið 15:15